

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 789/2004

frá 21. apríl 2004

um tilfærslu flutninga- og farþegaskipa frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins og um að fella úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 613/91

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stofnun og starfsemi innri markaðarins felur í sér afnám tæknilegra hindrana við tilfærslu flutninga- og farþegaskipa frá einni skipaskrá til annarrar í aðildarríkjunum. Einnig er þörf á ráðstöfunum til að auðvelda slíka tilfærslu flutninga- og farþegaskipa innan Bandalagsins til að draga úr kostnaði og þeirri stjórnsýslumeðferð sem tilfærsla milli skipaskráa innan Bandalagsins felur í sér og bæta þannig rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu sjóflutninga í Bandalaginu.
- 2) Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja vel öryggi skipa og umhverfisvernd í samræmi við alþjóðasamninga.
- 3) Í kröfum, sem settar eru fram í alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS frá 1974), alþjóðasamningnum um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL 1966) og alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 eins og

honum var breytt með bókuninni frá 1978 (MARPOL 73/78), er kveðið á um að tryggja þurfi vel öryggi skipa og umhverfisvernd. Í alþjóðasamningi um mælingar skipa frá 1969 er kveðið á um samræmt kerfi til mælingar kaupskipa.

- 4) Með samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) á allmörgum breytingum á alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 og aukinni samleitni í túlkunum á reglum og viðmiðunum alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 hefur alþjóðlega fyrirkomulagið, sem gildir um farþegaskip, verið styrkt og sniðnir af því vankantar.
- 5) Tæknilegar hindranir skulu ekki koma í veg fyrir tilfærslu flutninga- og farþegaskipa, sem sigla undir fána aðildarríkis, milli skipaskráa aðildarríkja að því tilskildu að aðildarríkin eða stofnanir, fyrir þeirra hönd sem eru viðurkenndar samkvæmt tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sam-eiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ⁽⁵⁾ hafi vottað að skipin samræmist ákvæðum viðeigandi alþjóðasamninga.
- 6) Aðildarríki, sem tekur á móti skipi, skal þó áfram geta beitt reglum sem hafa ólíkt gildissvið og eðli en þær sem vísað er til í samningunum sem taldir eru upp í a-lið 2. gr.
- 7) Til að tryggja skjóta og upplýsta ákvörðun aðildarríkis sem skipaskráin, sem skráð er á, tilheyrir skal aðildarríkið sem skipaskráin, sem skráð er af, tilheyrir veita því allar viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir um ástand og búnað skipsins. Aðildarríkið sem skipaskráin, sem skráð er á, tilheyrir skal samt sem áður geta látið skipið sæta skoðun til að staðfesta ástand þess og búnað.

⁽³⁾ Stjtið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 88.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. janúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 6. apríl 2004.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

8) Skip, sem hefur verið neitað um aðgang að höfnum aðildarríkja samkvæmt tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) ⁽¹⁾ að því er varðar skip sem nota hafnir innan Bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna eða hafa verið kyrrsett oftast en einu sinni eftir skoðun í höfn næstu þrjú ár á undan því að sótt er um skráningu, ættu ekki að geta notið ávinnings af því að færast samkvæmt einfaldaða kerfinu til annarrar skipaskrár innan Bandalagsins.

9) Í viðeigandi alþjóðasamningum er aðildarríkjum eftirlátið að túlka mikilvæg atriði krafanna. Á grundvelli eigin túlkunar gefa aðildarríkin út skírteini fyrir öll skip sem sigla undir fána þeirra og lúta ákvæðum viðeigandi alþjóðasamninga, þar sem staðfest er að þau uppfylli þessi ákvæði. Aðildarríkin framfylgja sínum eigin tæknilegu reglugerðum sem fela í sér aðrar kröfur en þær sem fram koma í samningunum og tilheyrandi tækniviðmiðunum. Koma skal á viðeigandi verklagsreglum til að leysa úr ágreiningi um túlkun núverandi krafna sem upp kann að koma þegar óskað er eftir tilfærslu milli skipaskráa.

10) Til að unnt sé að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni gagnorðar, árlegar skýrslur. Í fyrstu árlegu skýrslunni skulu aðildarríkin gera grein fyrir ráðstöfunum sem gerðar eru til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar.

11) Ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 613/91 frá 4. mars 1991 um tilfærslu skipa frá einni skipaskrá til annarrar innan Bandalagsins ⁽²⁾ eru styrkt og rýmkuð umtalsvert með þessari reglugerð. Reglugerð (EBE) nr. 613/91 skal því felld úr gildi.

12) Ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þessa reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum við tilfærslu flutninga- og farþegaskipa, sem sigla undir fána aðildarríkis, milli skipaskráa aðildarríkja og tryggja um leið vel öryggi skipa og umhverfisvernd í samræmi við alþjóðasamninga.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „samningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS frá 1974), alþjóðasamningurinn um hleðslumerki skipa frá 1966 (LL 66), alþjóðasamningurinn um mælingar skipa frá 1969 og alþjóðasamningurinn um varnir gegn mengun frá 1973 eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978 (MARPOL 73/78) í nýjustu útgáfum, svo og tengdar bindandi reglur samþykktar innan ramma Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) ásamt bókunum og breytingum við þær í nýjustu útgáfum,
- b) „kröfur“: öryggis-, verndar- og mengunarvarnarkröfur sem lúta að smíði og búnaði skipa og mælt er fyrir um í samningunum og, að því er varðar farþegaskip í innanlandssiglingum, þær sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ⁽⁴⁾,
- c) „skírteini“: skírteini, skjöl og samræmisýfirlýsingar sem aðildarríki eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess gefur út í samræmi við samningana og, að því er varðar farþegaskip í innanlandssiglingum, í samræmi við 11. gr. tilskipunar 98/18/EB,
- d) „farþegaskip“: skip sem má flytja fleiri en tólf farþega,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/84/EB.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 68, 15.3.1991, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 2099/2002 (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/75/EB (Stjtið. EB L 190, 30.7.2003, bls. 6).

- e) „farþegi“: einstaklingur annar en:
- i) skipstjóri og skipverjar eða aðrir þeir sem eru ráðnir eða gegna einhverri stöðu um borð í skipi í þágu þess, og
 - ii) barn undir eins árs aldri,
- f) „innanlandssiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis til sömu eða annarrar hafnar í því aðildarríki,
- g) „millilandasiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis til hafnar utan þess aðildarríkis eða öfugt,
- h) „flutningaskip“: skip sem er ekki farþegaskip,
- i) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem er viðurkennd í samræmi við 4. gr. tilskipunar 94/57/EB.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) flutningaskip sem hafa gild skirteini og:
- i) voru smíðuð 25. maí 1980 eða síðar, eða
 - ii) voru smíðuð fyrir þann dag en sem aðildarríki, eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess, hefur vottað að samræmist reglunum fyrir ný skip sem eru skilgreindar í SOLAS frá 1974 eða, þegar um er að ræða efnaflutningaskip og gasflutningaskip, að þau samræmist viðeigandi viðmiðunum fyrir skip sem eru smíðuð 25. maí 1980 eða síðar,
- b) farþegaskip í innanlands- og/eða millilandasiglingum, sem hafa gild skirteini og:
- i) voru smíðuð 1. júlí 1998 eða síðar, eða
 - ii) voru smíðuð fyrir þann dag en sem aðildarríki, eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess, hefur vottað að samræmist kröfunum sem gerðar eru til skipa sem smíðuð eru 1. júlí 1998 eða síðar og settar eru fram:

— í tilskipun 98/18/EB að því er varðar skip í innanlandssiglingum,

— í SOLAS frá 1974 að því er varðar skip í millilandasiglingum.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) skip eftir afhendingu að smíði lokinni sem hafa ekki gild skirteini með fullan gildistíma, útgefin af aðildarríkinu sem skipaskráin, sem skráð er af, tilheyrir,
- b) skip sem hefur verið meinaður aðgangur að höfnum aðildarríkja í samræmi við tilskipun 95/21/EB á þriggja ára tímabili áður en sótt er um skráningu og skip sem hafa verið kyrrsett eftir skoðun í höfn ríkis sem er undirritunaraðili að Parísarsamkomulaginu frá 1982 um hafnarríkiseftirlit, af ástæðum sem tengjast kröfunum sem skilgreindar eru í b-lið 2. gr., oftast en einu sinni á þriggja ára tímabili áður en sótt er um skráningu. Aðildarríki skulu samt sem áður fjalla á tilhlýðilegan hátt og í tæka tíð um umsóknir er varða slík skip,
- c) herskip, liðsflutningaskip eða önnur skip í eigu eða rekstri aðildarríkis sem eru einungis starfrækt af hinu opinbera og ekki í atvinnuskyni.
- d) skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti, tréskip með frumstæðu byggingarlagi, skemmtisnekkjur sem eru ekki nýttar í atvinnuskyni eða fiskiskip,
- e) flutningaskip sem eru undir 500 brúttótonnum.

4. gr.

Tilfærsla milli skipaskráa

1. Aðildarríki skal ekki af tæknilegum ástæðum á grundvelli samninganna koma í veg fyrir skráningu skips, sem er skráð í öðru aðildarríki en uppfyllir kröfurnar og hefur gild skirteini og búnað sem hefur hlotið samþykki eða gerðarsamþykki í samræmi við tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ⁽¹⁾, á skipaskrá.

Til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt svæðisbundnum gerningum á sviði umhverfismála, sem voru fullgiltir fyrir 1. janúar 1992, er aðildarríkjunum heimilt að setja viðbótarreglur í samræmi við valkvæðu viðaukana við samningana.

2. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um sértækar kröfur, eftir atvikum, sem mælt er fyrir um varðandi rekstur skips skv. 7. gr. tilskipunar 98/18/EB og 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2002/84/EB.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 123, 17.5.2003, bls. 22.

3. Við móttöku beiðni um tilfærslu skal aðildarríkið, sem skipaskráin sem skráð er af tilheyrir, veita aðildarríkinu, sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, eða viðurkenndri stofnun fyrir þess hönd, allar viðeigandi upplýsingar um skipið, einkum að því er varðar ástand þess og búnað. Þessar upplýsingar skulu hafa að geyma heildarferilsskrá skipsins og, ef við á, skrá yfir endurbætur, sem krafist var af skipaskránni sem skráð er af til að unnt sé að skrá skipið eða endurnýja skírteini þess, og skoðanir sem eiga að hafa verið framkvæmdar. Upplýsingarnar skulu hafa að geyma öll skírteini og upplýsingar um skipið sem krafist er í samningunum og viðeigandi Bandalagsgerningum ásamt skoðunarskýrslum fánaríkis og eftirlitsskýrslum hafnaríkis. Aðildarríkin skulu vinna að því í sameiningu að tryggja rétta framkvæmd þessarar málsgreinar.

4. Áður en skip er skráð getur aðildarríkið, sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess, látið skipið sæta skoðun til að staðfesta að raunverulegt ástand skipsins og búnaðar þess samsvari skírteinunum sem um getur í 3. gr. Skoðunin skal framkvæmd innan hæfilegs tíma.

5. Ef aðildarríkið sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, eða viðurkennd stofnun fyrir hönd þess, getur ekki staðfest samsvörun við skírteini að skoðun lokinni og eftir að hafa gefið eiganda skipsins eðlilegt tækifæri til að lagfæra hvers kyns annmarka skal það tilkynna framkvæmdastjórninni það í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

5. gr.

Skírteini

1. Við tilfærslu milli skipaskráa og með fyrirvara um tilskipun 94/57/EB skal aðildarríkið, sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, eða viðurkennd stofnun í umboði þess, gefa út skírteini fyrir skipið með sömu skilyrðum og giltu þegar það sigldi undir fána aðildarríkisins, sem skipaskráin sem skráð er af tilheyrir, að því tilskildu að þær ástæður eða forsendur sem hið síðarnefnda setti skilyrði um eða veitti undanþágu frá gildi áfram.

2. Þegar endurnýjun, framlenging eða endurskoðun skírteina á sér stað skal aðildarríkið, sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, eða viðurkennd stofnun í umboði þess, ekki gera aðrar kröfur en þær sem upphaflega var mælt fyrir um vegna skírteina með fullan gildistíma að svo miklu leyti sem kröfur fyrir gömul skip og skilyrði eru óbreytt.

6. gr.

Synjun um tilfærslu og túlkun

1. Aðildarríki, sem skipaskráin sem skráð er á tilheyrir, skal tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um það ef synjað er um útgáfu eða heimild fyrir útgáfu nýrra skírteina fyrir skip á grundvelli mismunandi túlkunar á þeim kröfum eða ákvæðum sem aðilum er eftirlátið að túlka samkvæmt samningunum eða viðeigandi Bandalagsgerningum.

Hafi framkvæmdastjórninni ekki verið tilkynnt um að viðkomandi aðildarríki hafi komist að samkomulagi innan mánaðar skal hún hefja málsmeðferð til að taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr..

2. Telji aðildarríki að ekki sé unnt að skrá skip skv. 4. gr. af þeim ástæðum að það stofni öryggi, vernd eða umhverfinu í bráða hættu, aðra en þá sem um getur í 1. mgr., má fresta skráningunni.

Aðildarríkið skal tafarlaust vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á málinu og tilgreina ástæður þess að skráningunni var frestað. Ákvörðun um að skipið skuli ekki skráð skal staðfest eða henni synjað í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.,

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við nefndina, sem um getur í 7. gr., um hvaðeina sem lýtur að túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum með það fyrir augum að tryggja að hvergi verði slegið af kröfum um öryggi, vernd og umhverfisvernd.

7. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum ⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

8. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu árlega senda gagnorða skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd þessarar reglugerðar. Skýrslan skal hafa að geyma tölfræðilegar upplýsingar um tilfærslu skipa milli skipaskráa sem fer fram í samræmi við þessa reglugerð og talin skulu upp hvers kyns vandkvæði við framkvæmd hennar.

2. Eigi síðar en 20. maí 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd þessarar reglugerðar, byggða að hluta til á skýrslum sem aðildarríkin hafa lagt fram. Í þessari skýrslu skal framkvæmdastjórnin m.a. meta hvort rétt þyki að breyta reglugerðinni.

9. gr.

Breytingar

1. Heimilt er að breyta skilgreiningunum í 2. gr. í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 7. gr. í því skyni að

taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og til að auka skilvirkni þessarar reglugerðar í ljósi fenginnar reynslu og tækniþróunar að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið hennar.

2. Heimilt er að undanskilja sérhverja breytingu á samningunum gildissviði þessarar reglugerðar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 613/91 er hér með felld úr gildi.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.